

27. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum, nema þyngri refsing liggji við að lögum.

28. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

29. gr.

Reglugerð þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Stykkishólms, er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 frá 29. apríl 1967 til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytinu, 17. desember 1999.

F. h. r.

Guðjón Axel Guðjónsson.

Katrín Jóhannsdóttir.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Stykkishólms.

1. gr.

Hitaveitan selur heitt vatn úr veitukerfi sínu samkvæmt gjaldskrá þessari og reglugerð hitaveitunnar.

2. gr.

Gjald fyrir afnot af heita vatninu er kr. 89,10 fyrir hvern rúmmetra vatns.

3. gr.

Greiða skal mánaðarlegt fastagjald:

- | | |
|---------------------|-----------|
| a) Af íbúðarhúsnæði | kr. 400 |
| b) Af öðru húsnæði | kr. 2.000 |

4. gr.

Komi til lokunaraðgerða, sbr. reglugerð Hitaveitu Stykkishólms, skal greiða gjald 4.000 kr. Fyrir aukaálestur af mæli skal greiða 1.300 kr.

5. gr.

Af íbúðarhúsnæði skal greiða stofngjöld af öllu húsrými á lóð. Heimilt er að undan-skilja sérstakar úpphitaðar byggingar aðrar en bifreiðageymslur. Tengigrind er innifalin í stofngjaldi íbúðarhúsnæðis.

Stofngjald fyrir íbúðarhúsnæði skal vera:

Stærð húss:	Stofngjald + tengigjald:
Allt að 450 m ³	150.000 + 140 kr./m ³
451 – 1.000 m ³	150.000 + 63.000 + 80 kr./m ³
Yfir 1.000 m ³	150.000 + 107.000

Fyrir fleiri tengigrindur en eina skal greiða sérstakt tengigrindargjald. Tengigrindar-gjald er kr. 130.000 á grind.

6. gr.

Fyrir annað húsnæði en flokkast undir 5. gr. skal greiða:

Stærð húss:	Stofngjald + tengigjald:
Allt að 1.000 m ³	200.000 + 140 kr./m ³
1.001 – 2.000 m ³	200.000 + 140.000 + 80 kr./m ³ yfir 1.000 m ³
Yfir 2.000 m ³	200.000 + 220.000

Húseigendur skulu sjálfir kosta tengigrindur sínar samkvæmt þessari grein, að undanskildum magnmæli sem hitaveitan leggur til.

7. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar í septembermánuði 1999.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 og reglugerð nr. 869/1999 til að öðlast gildi þann 1. janúar 2000 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytinu, 17. desember 1999.

F. h. r.

Guðjón Axel Guðjónsson.

Katrín Jóhannsdóttir.

REGLUGERÐ

fyrir Hitaveitu Skagafjarðar.

I. KAFLI

Rekstrarform, tilgangur o.fl.

Eignarhald.

1. gr.

Hitaveita Skagafjarðar er fyrirtæki sem Sveitarfélagið Skagafjörður á og starfrækir sem sjálfstætt fyrirtæki, í reglugerð þessari nefnt HS.

Tilgangur.

2. gr.

Tilgangur HS er að meginstefnu rekstur hitaveitna og önnur sú starfsemi sem tengist vinnslu og sölu á heitu vatni.

Veitusvæði.

3. gr.

Veitusvæði HS er lögsagnarumdæmi Sveitarfélagsins Skagafjarðar, en auk þess þau önnur sveitarfélög sem gera samkomulag við HS þar að lútandi. HS hefur einkaleyfi á dreifingu og sölu á heitu vatni í lögsagnarumdæmi Sveitarfélagsins Skagafjarðar, að undanskildu því svæði sem Hitaveita Hjaltadals nær nú til.